

## Aðalfundur Völsungs

22.9.2022

Vallarhúsi

kl: 20:00

Mætt úr aðalstjórn: Davíð Þórólfsson, Jóna Björg Pálmadóttir, Björgvin Sigurðsson, Lilja Friðriksdóttir og Jónas Halldór Friðriksson sem framkvæmdarstjóri.

Einnig eru mættir 13 félagsmenn.

### 1. Formaður setur fundinn

Davíð Þórólfsson formaður aðalstjórnar Völsungs kemur upp, býður fundargesti velkomna og setur fundinn formlega.

### 2. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Davíð Þórólfsson kemur upp og leggur til að Linda Margrét Baldursdóttir verði fundarstjóri og Lilja Friðriksdóttir verði fundarritari.

*Samþykkt samhljóða.*

Linda þakkar Davíð fyrir og tekur því næst við stjórn fundarins.

### 3. Skýrsla stjórnar

Davíð kemur upp og fer yfir skýrslu stjórnar.

Hann bendir á að skýrsla stjórnar sé í prenti á borðum fundargesta og hvetur þá til að kynna sér skýrsluna. Einnig verður hún aðgengileg á fésbókarsíðu félagsins og allir félagsmenn sem þess óska geta fengið hana senda í pósti.

### 4. Ársreikningar lagðir fram

Jónas Halldór framkvæmdastjóri kemur upp og fer yfir lykiltölur úr ársreikningi Völsungs. Ársreikningurinn var settur á fésbókarsíðu félagsins fyrr í dag ásamt því sem félagsmenn geta óskað eftir að fá reikninginn sendan í tölvupósti.

*Hafrún spyr út í hvað íþróttaleg viðskipti eru og Jónas útskýrir það, að þetta sé ferðakostnaður. Ingólfur spyr út í millifærslur á rekstrarreikningi. Jónas svarar því að þetta séu styrkir t.d. frá ÍSÍ, ferðasjóður, Covid styrkur og fleira.*

*Ársreikningar eru samþykktir af öllum mættum félagsmönnum.*

## 5. Lagabreytingar

Fyrir fundinum liggja engar lagabreytingar.

## 6. Árgjöld

Linda leggur fram tillögu stjórnar um að árgjald/félagsgjald verði það sama og í fyrra eða 4.000 kr. Öllum greiddum félagsgjöldum mun áfram fylgja félagskort sem veitir afslætti víðsvegar um bæinn.

*Ingólfur lýsir ánægju sinni yfir þessari tengingu við fyrirtæki í bænum með tilkomu Völsungskortsins.*

*Árgjald/félagsgjald er samþykkt af mættum félagsmönnum.*

## 7. Kosið í stjórn + endurskoðendur reikninga

Kosning í stjórn Völsungs.

Tillaga stjórnar:

Formaður: Davíð Þórólfsson

Aðrir í stjórn: Jóna Björg Pálmadóttir, Lilja Friðriksdóttir, Erla Bjarnadóttir, Gunnólfur Sveinsson, Hilmar Valur Gunnarsson og Ingvar Björn Guðlaugsson.

*Samþykkt samhljóða.*

Aðalstjórn Völsungs leggur til að PWC verði endurskoðandi félagsins áfram.

*Samþykkt samhljóða.*

## 8. Starfsnefndir

Engar starfsnefndir liggja fyrir fundinum.

## 9. Önnur mál

- *Guðrún lýsir óánægju sinni yfir því að aðalstjórn hafi ekki munið eftir 95 ára afmæli félagsins og spyr einnig út í heimasíðu félagsins.*  
*Jónas framkvæmdarstjóri Völsungs svarar fyrirspurn Guðrúnar og segir aðalstjórn ekki hafa gleymt afmæli félagsins.*  
*Jónas er sammála með að þurfi að fara að huga að 100 ára afmæli félagsins. Hann segir að aðalsjóður hafi lagt til hliðar peninga s.l. tvö ár til að geta haldið upp á 100 ára afmæli félagsins.*  
*Auglýst hafi verið eftir aðila til að byrja ákveðna vinnu fyrir afmælið en enginn hafi sótt um.*  
*Í sambandi við heimasíðuna þá er hún í ákveðnu ferli.*
- *Rannveig spyr út í vegginn upp í Höll, halda áfram með hann.*

- *Hafrún tekur boltann og upplýsir að í dag hafi hún verið flutningsmaður tillögu á bæjarstjórnarfundi hvað bærinn ætli að gera fyrir Völsung á 100 ára afmæli.*
- *Ingólfur segir að þurfi að skipa sem fyrst afmælisnefnd sem vinnur að 100 ára afmæli Völsungs og býður sig fram að starfa í henni.*
- *Egill vill þakka samstarfið við Aðalstjórn Völsungs og þakkar fyrir greinagóða skýrslu og reikninga. Hann fer yfir það hversu erfitt er að fá sjálfboðaliða í starfið í dag. Hann segir að Rannveig ætli að taka við af Agli sem formaður bocciadeilda. Hann saknar að Aðalstjórn kalli inn formenn deilda á fund.*
- *Lúðvík spyr út í hvort Aðalstjórn hafi áhuga á að endurvekja Íþróttamann og -konu Völsungs. Aðalstjórn svarar Lúlla, ekki er búið að leggja niður þennan viðburð en hann hefur verið smár í sniðum síðustu tvö ár vegna Covid.*
- *Guðrún spyr út í samninginn við bæinn. Jónas fer yfir hvernig staðan á samningnum er en hann er að renna út um næstu áramót.*
- *Rannveig spyr út í búningamál og breytingar á þeim.*
- *Jónas spyr mætta félagsmenn hvernig þeim líst á vefverslun, t.d. með búninga, fjáröflunarvörur og fleira.*
- *Egill spyr út í tjaldsvæðið.*

**Fundi slitið kl. 21:05**